



Selfossi, 5.9.2023

Fundargerð stjórnar

10. fundur stjórnar *Brunavarna Árnessýslu* haldinn þriðjudaginn 5. september 2023, kl. 12:30 á Teams.

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóra Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Tækjaskemma á Laugarvatni

Búið er að gera samning við Grím Jónsson um að vera byggingastjóri á tækjaskemmu á Laugarvatni. Hann hefur rætt við nokkra hönnuði og fengið verðtilboð fyrir teikningar. Stjórn samþykkir að Grímur ásamt slökkviliðsstjóra haldi áfram viðræðum við Samúel Smára hjá Húsey um teikningar á skemmunni og semji við hann um gerð bygginganefndarteikninga vegna verkefnisins.

2. Húsnæðismál fyrir Laugarvatnsstöð á framkvæmdatíma

Brunavörnum hefur verið boðið að leigja iðnaðarhús meðan á framkvæmdum stendur en einnig er mögulegt að leigja áfram núverandi aðstöðu af kaupendum. Slökkviliðsstjóra falið að tryggja húsnæði á framkvæmdatímanum.

Fleira ekki gert.
Fundu slitið kl. 12:40

Efl. st. Jónsson
þg þg
Helgi Kjartansson
Árni Eiríksson
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir
Pétur Pétursson
Lárus Kristinn Guðmundsson
Unna Björg Ögmundsdóttir